

Borgarbyggð
Þóra Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 13. janúar 2023
UST202211-241/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 og deiliskipulagi - Víðines

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 22. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 og deiliskipulagi fyrir Víðines.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að fella út frístundasvæðið F51 úr skipulagi og skilgreina íbúðarsvæði Í8 í stað þess. Auk þess kemur fram að nýtingarhlutfall lóða er 0,1 þar sem heimilað byggingarmagn er 350 m² á hverri lóð og leyfilegt er að byggja íbúðarhús, ásamt aukahúsi og/eða bílskúr. Skipulagssvæðið er um 10 ha.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að skipulagssvæðið er á náttúruminjaskrá, hverfisverndað og hraunið á svæðinu fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Í greinargerðum segir að mikilvægt er að hraunið raskist ekki nema brýna nauðsyn beri til sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess segir að ryðja megi hrauni fyrir byggingum og aðkomu að þeim en ekki umfram það.

Rask á Grábrókarhrauni

Svæðið sem er á náttúruminjaskrá kallast *Grábrókarhraun og Hreðavatn* og er svæðinu lýst sem fjölbreyttu og fögru umhverfi og fjölsóttu útivistarsvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer eru í Brekkuárgili, Hestabrekku og Þrimildal.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að Grábrókarhraun á skipulagssvæðinu sé raskað að hluta. Auk þess bendir stofnunin á að Grábrókarhrauni hefur verið raskað á öðrum stöðum vegna vegagerðar og annarrar uppbyggingar húsa og innviða.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að hraunið hafi verið raskað að hluta þá réttlætir það ekki frekari röskun á hrauni og hvetur stofnunin sveitarfélagið að vernda hraunið.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að valin séu svæði, hvort sem um ræðir undir íbúðarbyggð eða frístundabyggð, sem valda ekki frekara raski á verndarsvæðum eða rýra verndargildi þeirra en umrætt svæði er á náttúruminjaskrá, hverfisverndað og fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga.

Markmið og rökstuðningur

Í greinargerð kemur fram að ástæðan fyrir og markmið breytinganna sé að bregðast við eftirspurn fyrir íbúðarhús.

Umhverfisstofnun telur markmið og rökstuðning á þörfinni fyrir íbúðarhúsnæði ágæt en telur þó að velja ætti svæði undir framtíðaríbúðarbyggð sem rýra ekki verndargildi svæða á náttúruminjasrá.

Aðalskipulagsbreyting

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé á hrauni sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á ákvæðum laganna sem mikilvægt er að fara eftir, en í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í aðalskipulagsbreytingunni eru sett fram skilyrði um að heimilt sé að ryðja hrauni fyrir byggingum og aðkomu að þeim en ekki umfram það.

Þar sem skilyrði tillögunnar kveða á um að heimilt sé að raska hrauni sem fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga bendir stofnunin á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Auk þess, eins og fram kemur hér að ofan, að skoðaðir séu aðrir valkostir fyrir landnýtingu uppbyggingar húsnæðis utan verndarsvæða og það komi fram rökstuðningur fyrir því hvers vegna þeir urðu ekki fyrir valinu.

Deiliskipulag

Líkt og í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram í deiliskipulaginu að mikilvægt sé að hraunið raskist ekki nema brýna nauðsyn beri til sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess segir að ryðja megi hrauni fyrir byggingum og aðkomu að þeim en ekki umfram það.

Eins og áður hefur komið fram bendir stofnunin á að í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar munu tillögurnar hafa áhrif á Grábrókarhraun.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að leitað sé leiða til að hanna íbúðarhverfið með þeim hætti að framkvæmdir raski ekki hrauni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að byggingar og vegir liggi einungis á þegar röskuðum svæðum og að ekki sé farið gegnum hraunasvæði.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga skal sveitarstjórn, við útgáfu

framkvæmdaleyfis, ganga úr skugga um að gætt hafi verið að ákvæðum laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur